

Um þessar mundir eru uppákomur leikrænar svo margar að það er hættu á því að stórgóðar sýningar fari fram hjá leikhúsahugafólki.

Finnskar stúlkur kryfja til mergjar hlutverk stúlkunnar

Ég elska þig, ég elska þig ekki.....
Með Baldursbrá úr bréfi er þessi romsa sfendurtekin á rússnesku og allir skilja.

Á fimmtudag og föstudag var á fjöllum Nýja sviðs Borgarleikhússins sýning sem vel hefði verið þess virði að senda alla leiklistarnema og unga leiklistarneytendur á. Reyndar var hún ekkert bundin við ungt fólk, þótt leikarar væru ungir, en það var nýlunda að sjá svo vel tæknilega útfærð atriði bæði í dans og leik. Nokkrar norrænar leikkonur hafa tekið sig saman og stofnað stórgóðan leikhóp og sýninguna sem hér var á ferðinni nefna þær The Subfrau Acts.

Kveðjuhóf fyrir frú

Það er kannski verið að kveðja frúna? Alla vega var eitt mjög gott innlegg þar sem nokkrar staðlaðar kvenpersónur fengu tækifæri til að kveðja frúna.

Þó talað sé bæði á ensku og sænsku er þetta fyrst og fremst sungið dansverk, þar sem finnski danshöfundurinn Arja Tiili á heiðurinn af fyrri hlutanum og rússneski danshöfundurinn Sasha Pepeyaev þeim síðari.

Óbeislað hugmyndaflug

Fjórar stúlkur kryfja til mergjar hlutverk stúlkunnar, konunnar og ímynd kvenpersónunar í leikbókmenntum og lífinu í heild sinni. Til þess nota þær dans, söng og óbeislað hugmyndaflug.

Gestaleikur í Borgarleikhúsinu á The Subfrau Acts var sannarlega heildstæð skemmtun fyrir bæði augu og eyru. Ungar norrænar leikkonur Joanna Wingren, Ida Löken, Sonja Ahlfors og Lotten Roos hafa undir leiðsögn frábærra danshöfunda sett saman eins konar kabarett þar sem leikhústáknir fá að geysast um og skipta um hlutverk eins og í sprelljörögum leik barna.

Björgun með einni góðri kerlingu

Fyrri hlutinn gerist í anda plötusnúðs. Við kynnumst plötusnúð og veruleika hans eru kynntar til leiks gegnum tóna og orð sem flæða fram úr undravélum plötusnúðsins.

Það þekking þú nú allir hvað það getur verið myndið að sjá karla leika konur. Hversu oft hefur Randver ekki bjargað þreyttum Spaugstofuhúmor með einni góðri kerlingu? Hitt er svo annað mál að það er og verður alltaf minna myndið og erfiðara fyrir konur að leika karla þannig að skemmtilegt sé. Nú loksins tókst það.

Hér í þessum viltta leik undir tryllingslegum hljómunum úr mörgum tegundum tónlistar þar sem ýmist var verið að skírskota til textans eða taksins þutu um sviðið ungrir menn leiknir af konum og það var unun á að horfa. Einkum var það ein þeirra Joanna Wingren sem svo lítil og mjó tók sér bólfestu í öllum þeim asnalegu drengjum og vandræðalegu ungum mönnum sem við þekkjum úr okkar eigin lífi.

Ráðist á rússnesku hefðina

Leikurinn var tvískiptur. Fyrir hlé fengum við að fylgjast með alls kyns dansatriðum tengdum vonsviknum ungum stúlkum og klisjukenndum mönnum. Dansinn var þar allsráðandi og eins frábær undirleikur þeirra sjálfra á ýmis hljóðfæri.

Í seinni hlutanum var svo ráðist á hefðina í rússneska leikhúsinu. Bitr-



Subfrau acts Skemmtilegur leikhópur sem svo sannarlega kann að þeyta hefðbundnum táknum og viðteknum venjum upp í loftið án þess að klisjur falli um sjálfar sig beint á gólfid.

The Subfrau Acts

Danshöfundar: Arja Tiili og Sasha Pepeyaev. Búningar: Marja Uusitalo, Charlotta Lundgren og Sonja Ericsson. Hljóð: Pietu Pietiäinen. Framleiðsla: Belinda Tirkonen. Leikarar: Lotten Roos, Sonja Ahlfors, Ida Löken, Joanna Wingren.

Leiklist

ar og markeraðar yfurstáttarstúlkur sem biða eftir vonbiðlum æla úr sér voninni í eiginlegri merkingu og dansa um í frauukjúllum hreinna meylla í langbráðri bið eftir að komast í hjónaband.

Umbreytingarrdans

Hér er það einn frægasti danshöfundur rússa um þessar mundir, Sasha Pepeyaev sem sjálfur hefur komið nálægt flestum greinum leikhússins, sem semur þann umbreytingardans sem límir saman stutt leikatriði í einskonar paróðu á Premur systurum.

Þær vinna með umbúðapappír þannig að brúðarkjöll breytist í hænsnabúning og blómín sem brúðurin er skreytt með eru búin til á staðnum. Eins er það eftirminnilegt hvernig þær léku sér með skæri sem brenntust í vopn, hljóðfæri í gleraugu og ýmis önnur tól úr okkar daglega lífi.

Ambögur á ensku

Subfrau er hópur sem stofnaður var í Helsinki árið 2001. Leikhópurinn samanstendur af stúlkum sem allar hafa hlotið menntun sína við Ríkisleiklistarskólann í Helsinki.

Hér voru þær aðeins fjórar, en oft eru þær fleiri og meðal þeirra er María Pálsdóttir sem nú var aðeins áhorfandi og líklega gestgjafi.

Þetta var sannarlega vel til fundið

að koma hingað með norrænar flinkar leikkonur í einkar skemmtilegu showi. Einu ambögur sýningarinnar má segja að hafi verið að það var greinilegt að löngum talatritum hafði verið snarað á ensku, líklega til þess að áhorfendur hér skildu innihaldið, en það var greinilegt að leikkonurnar sjálfar skildu varla þau orð sem þær voru að fara með.

Hefði verið betra að tala bara sænsku eins og í öðrum styttri atriðum. Það er vonandi að kröfurnar hafi ekki komið héðan, því það er jú alveg nauðsynlegt fyrir okkur að heyra norræn mál og það var ekkert í þessu sem hefði verið of flókið fyrir sæmlega upplýst eyru að skilja.

Stútfullt af smáatriðum

Fyrri hlutann sömdu stúlkurnar sjálfar en höfundur seinni hlutans er Danil Kharms. Sýningin var stútfull af smáatriðum sem vöktu kenndir, tilfinningar og hláturgusur vegna þess að áhorfendur þekktu svo dæmalaust vel bæði týpurnar og það sem verið var að fjalla um.

Leiðinlega konan sem var að doktorera í einhvers konar handa-hofsheimspeki fékk lengri umræðutíma hjá sjónvarpskonunni heldur en ráðhússfrúin sem var að lifna við eða unga suður-ameríkanska konan sem var svo ljómandi ánægð með lífið sitt.

Hér var á ferðinni mjög skemmtilegur leikhópur sem svo sannarlega kann að þeyta hefðbundnum táknum og viðteknum venjum upp í loftið án þess að klisjur falli um sjálfar sig beint á gólfid. Skemmtilegt leikhúsi þar sem stundin flygur leifturhratt hjá eins og mörg frábær smáatriði. Föðun stúlkanna var sérdeilis skemmtileg ekki síst í seinni hlutanum þar sem baugar innilokaðra hreinna meylla með berka á byrjunarstigi urðu að enn einu táknum sem teiknað var svo skýrt.

Elsabet Brekkann